

Mál nr. 1

Víðir G gegn ÍBV

Kæra Víðis

Dómkröfur:

Knattspyrnufélagið Víðir krefst þess að úrslitum í leik ÍBV og Víðis sem fram fór í Laugardalshöll, laugardaginn 26. janúar síðastliðinn kl. 13:00, verði breytt og Knattspyrnufélaginu Víðir verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna. Þar sem um undanúrslit í Íslandsmóti innanhúss var að ræða, telur Knattspyrnufélagið Víðir að verði þeim dæmdur sigur í leiknum skuli úrslitaleikurinn leikinn að nýju.

Málavextir:

Í leik ÍBV og Víðis sem fram fór í Laugardalshöll, laugardaginn 26. janúar 2008 kl. 13:00 var einn leikmaður ÍBV, Albert Sævarsson kt. 181073-3069 ólöglegur þar sem hann er skráður leikmaður í Njarðvík og því ekki gjaldgengur með ÍBV.

Tilvísun

Máli þessu til stuðnings viljum við benda á ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 40.1. gr. Ólöglega skipað lið. Þar sem kærandi telur að brotið hafi verið gegn þessari grein telur kærandi að ÍBV hafi teflt fram ólöglega skipuðu lið þar sem leikmanna einn ÍBV var skráður í Njarðvík og því brotið gegn 40. gr. og skv. Því beri að dæma að ÍBV hafi tapað leiknum 0-3.

40.gr.

Ólöglega skipað lið

- 40.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000.
- 40.2. Leikmaður, sem hefur vísitandi sagt rangt til um aldur sinn til að leika með öðrum aldursflokki en honum ber, skal sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins.
- 40.3. Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 30.000 í meistaraflokki en 15.000

í öðrum flokkum. Sé um vísvitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 60.000 í meistaraflokki en 30.000 í öðrum flokkum.

- 40.4. Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.

Röksemdir

Í leik ÍBV og Víðis sem fram fór í Laugardalshöll, laugardaginn 26. janúar síðastliðinn spilaði Albert Sævarsson, kt. 181073-3069 með ÍBV þrátt fyrir að vera skráður leikmaður með Njarðvík og því ekki löglegur með ÍBV.

Sönnunargögn:

Máli kæranda til stuðnings stóð til að senda inn afrit af leikskýrslunni úr leik liðanna og óskuðu kærundur því eftir afriti af leikskýrslunni frá KSÍ. Þrátt fyrir mikla leit starfsmanna KSÍ fannst ekki leikskýrslan úr umræddum leik. Starfsmenn mundu þó eftir að hafa verið með skýrsluna þegar umræddur leikur fór fram. Það skal þó bent á að skýrslur úr leikjum ÍBV sem voru spilaðar daginn áður og daginn eftir, eru til hjá KSÍ og sýna að umræddur Albert Sævarsson spilaði þá leiki einnig.

Komi umrædd skýrsla í leitirnar hjá KSÍ óskar kærandi eftir því að hún verði lögð fram sem sönnunargagn máli kæranda til stuðnings.

Starfsmenn KSÍ sem voru við störf á leiknum geta staðfest að Albert Sævarsson spilaði leik ÍBV og Víðis. Þar af leiðandi nefnum við starfsmennina sem vitni máli okkar til stuðnings.

Einnig er Albert Sævarsson, kt. 181073-3069 skráður í Njarðvík samkvæmt uppl á heimasíðu KSÍ:

Albert Sævarsson

- **Fæðingarár:** 1973
- **Félag:** Njarðvík
- **Félagaskipti**
- **Listinn settur saman: 31.1.2008 kl. 21.49**

ÚR Í Leikheimild

1 Færeyjar Njarðvík 14.03.2006

2 Grindavík Færeyjar 11.03.2005

3 Færeyjar Grindavík 15.05.2004

4 Grindavík Færeyjar 13.03.200

Fjöldi félagaskipta: 4

Þá nefnum við hér að neðan nokkur vitni sem geta staðfest að Albert Sævarsson spilaði umræddan leik.

Vitni:

Nafn: Birkir Sveinsson, kt. 280168-3279, Mótastjóri KSÍ

Nafn: Guðlaugur Gunnarsson, kt. 290963-4519, starfsmaður KSÍ

Nafn: Steinar Örn Ingimundarson, kt. 270169-4819

Nafn: Knútur Rúnar Jónsson, kt. 070982-3239

Nafn: Rúnar Dór Daníelsson, kt. 190784-2909

f.h. Knattspyrnufélgsins Víðis

Einar Jón Pálsson, kt. 141067-3119

Formaður Víðis

Greinargerð ÍBV

ÍBV hafa verið uppvísir að nota ólöglegan leikmann í Futsal-móti KSÍ. Alls ekki var það ætlun okkar að brjóta af okkur en sú er víst raunin. Við sendum inn samning Alberts Sævarssonar inn til KSÍ fyrir í vetur en hann var ekki samþykktur af KSÍ vegna þess að gamla formið af samning var notað, einnig var ekki búið að greiða félagsskiptagjald. Kom það í ljós um þetta leyti sem mótið var en ekki get ég svarið hvort það var rétt fyrir mót eða eftir.

Það var ljóst á haustdögum að Albert Sævarsson myndi ganga til liðs við ÍBV og því endurtek ég að það var alls ekki vilji okkar að nota ólöglegan leikmann.

Með fótboltakveðju,

Kristján Georgsson
ÍBV

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, þriðjudaginn 12. febrúar, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2008:
Knattspyrnufélagið Víðir, kt. 510286-2279
gegn
Knattspyrnudeild ÍBV, kt. 590886-1659

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Knattspyrnufélagið Víðir, kt. 510286-2279
Sandgerðisvegi 4
250 Garði
S:422-7330, fax: 422-7913
e-mail: einarjon@kogun.is
Fyrirsvarsmaður: Einar Jón Pálsson, form Víðis

Kærði:
Knattspyrnudeild ÍBV, kt. 590886-1659
Pósthólf 393
902 Vestmannaeyjar
Fyrirsvarsmaður: Víðir Elíasson, form. knattspyrnud. ÍBV.

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 1. febrúar sl. Kærða var gefinn frestur til að skila greinargerð til 11. febrúar 2008 og barst bréf frá kærða í gær.

Kröfur:

Knattspyrnufélagið Víðir krefst þess að úrslitum í leik ÍBV og Víðis sem fram fór í Laugardalshöll, laugardaginn 26. janúar síðastliðinn kl 13:00, verði breytt og Knattspyrnufélaginu Víði verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna. Þar sem um undanúrslitaleik í Íslandsmóti innanhúss var að ræða, telur Knattspyrnufélagið Víðir að verði þeim dæmdur sigur í leiknum skuli úrslitaleikurinn leikinn að nýju.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:
Kærandi krefst þess að honum verði dæmdur 3-0 sigur í knattspyrnuleik liðanna sem fram fór í Laugardalshöll í Íslandsmóti innanhúss – Úrslitakeppni mfl. karla, laugardaginn 26. janúar 2008 kl. 13:00. Krafa kæranda byggist á því að leikmaður ÍBV,

Albert Sævarsson kt. 181073-3069 sé ólöglegur leikmaður með liði kærða, þar sem hann sé skráður leikmaður í Njarðvík og því ekki gjaldgengur með ÍBV.

Forsvarsmáður kærða viðurkennir í bréfi sínu að lið þeirra hafi verið ólöglega skipað í leik liðanna eins og byggt er á í kröfu kæranda.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir:

Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið

stærri, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að

upphæð allt að kr. 30.000.

Svo sem að framan er rakið var lið kærða ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,-

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélagið Víðir hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélagið Víðir telst hafa unnið leik gegn Knattspyrnudeild ÍBV í Íslandsmóti innanhúss - Úrslitakeppni mfl. karla, sem fram fór 26. janúar 2008 í Laugardalshöll kl. 13:00 með markatölunni 3-0. Knattspyrnudeild ÍBV skal greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

Halldór Frímansson

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson